



Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	<b>VGRV2PR03 – 230V og spennir</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		


## Straumsnúra og varhús.

Best er að festa snúrunippilinn fyrst, þannig er auðveldara að koma verkfærum að honum.

Varhúsið er með smá hak sem hindrar að það snúist í gatinu, sverfið smá skarð í brún gatsins fyrir hakið ef ekki er búið að því.




Snúran er  $3 \times 0,75 \text{ mm}^2$  Byrjið með um 180cm langa snúru. Afeinangrið um 30-35cm af öðrum enda hennar, stingið þeim enda gegnum togfestu/nippil á bakhlið kassa. Leggið brúna vírinn í fallegum, boga að enda á varhúsi og klippið í mátulega lengd.




Búturinn sem klippist af á svo að vera nægilega langur til að ná frá hliðartengingu á varhúsi til aðalrofa.

Vírarnir sem tengjast í varhúsið eru lóðaðir fastir og herpiádrag sett utanum hvora tengingu fyrir sig yfir lóðninguna. Gætið þess að hafa öryggi í varhúsinu þegar lóðað er. Öryggið er  $5 \times 20 \text{ mm}$ , 230V 1A.

Loks kemur stórt herpiádrag utan um varhúsið allt. Herpiádragið á að vera svo stórt að brúni vírinn sem fer í enda varhússins festist EKKI í því heldur bara varhúsið, (Hér passar 19,0-9,5mm herpiádrag)




Í rofann lóðast vírarnir líka. Rofinn er tveggja póla sem þíðir að hann rífur bæði fasa og núll. Gætið að því að tengja rétt inn á rofann, best er að nota mæli og sjá hvernig hann virkar.



Blái vírinn kemur beint í rofann en sá brúni kemur frá hliðartengingunni á varhúsinu. Lóðið vírana í neðri tengipunktana og setjið herpihólk yfir tenginguna.

Gul-græna hlífðartaugin á að vera lengri en hinar svo hún slitni síðast ef snúran losnar í togfestunni, passið að klippa ekki of mikið af henni. Á enda hennar klemmist rauður skór með 4mm gati og festist undir jarðtengiskrúfu á botni kassa. Hugsanlega er gatið fyrir jarðtengiskrúfuna óþarflega nálægt spenninum, það má bora annað gat aðeins fjær.



Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	<b>VGRV2PR03 – 230V og spennir</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Undir sömu skrúfu festist líka jarðtengivír sem fer í 3mm skrúfu með vængjaró á framhlið kassa. Þarna skal nota stjörnuspennskífur.

Loks skal setja jarðbundna kló á snúruna, nota skal endahulsur og muna að hlífðartaug skal vera ögn lengri (1-2cm) en hinar í klónni.


Snúran verður um 140cm löng utan kassa að þessu loknu.

Nú er hægt að setja spenninn í kassann.

Það þarf að setja fætur undir hann nægilega langa (12mm) til þess að hann standi á fótunum en ekki á spenninum sjálfum. Skrúfið hann fastann með passlega löngum 4mm skrúfum.

Spennirinn er með tengingar inn á forvafið öðrumegin og tengingar út af eftirvöfunum hinu megin.

Víra forvafsins (230V) skal leggja “aftan við” spenninn, þeir tengjast beint í aðalrofa, lóðið þá á sína staði og setjið herpihól yfir. Ef forvafsvírnir eru of stuttir, þá má lóða framlengingu úr 0,5mm<sup>2</sup> við þá og setja herpiádrag yfir.




Aðal eftirvafið (25V) hefur 4 víra sem eru of stífir til að fara beint í JST tengið, þar eru hins vegar fjölþættir, blár, hvítur og fjólublár 0,3mm<sup>2</sup> vírar. Þeir tengjast svo saman í 4-póla “mótortengi” sem er komið fyrir milli spennis og JST tengis. Notið endahulsur á fjölþættu vírana.

Skafið lakkið vandlega af eftirvafsvírunum áður en þeir eru skrúfaðir í mótortengið, brjótið þá líka tvöfalda til frekara öryggis, Gott er að þessi tvöfalda endi nái undir báðar skrúfurnar í mótortenginu. Gætið þess að herða skrúfurnar nóg, en samt ekki of mikið, það má ekki merja alveg sundur lakkvírinn úr spenninum.

Þar sem við erum að nota gamla spenna gæti verið að vírnir úr eftirvöfunum séu of stuttir.




Þá þarf að lengja þá og við gerum það með 0,75 mm<sup>2</sup> vír sem við lóðum við endana og setjum herpihólk yfir. Til að geta lóðað við




lakkaða vírinn þarf að fjarlægja lakkið og það gerum við með litlum mótorknúnum afeinangrunarfræsara.



Hæfileg lengd á þessum vírum er 9-10cm

Nr.: GAT-044	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016	<b>VGRV2PR03 – 230V og spennir</b>	
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		



Vöfin þurfa að raðtengjast til að fá 28V. Það er gert með millibandi í raðtenginu og fara 3 vírar yfir á prentplötuna.

Skafið lakkið vel af eftirvafsvírunum áður en þeir eru skrúfaðir í mótortengið, jafnvel má brjóta þá helst tvöfalda til frekara öryggis, Gott er að endin á vírunum nái undir báðar skrúfurnar í mótortenginu. Gætið þess að herða skrúfurnar nóg, en samt ekki of mikið, það má auðvitað ekki merja alveg sundur vírinn úr spenninum. Ef lengja þurfti vírana þá á að setja endahulsur á vírana áður en þeir tengjast í mótortengið.

Vírarnir frá mótortenginu yfir á prentplötuna eru með ásettum VH-tengiendum. Notið 0,5mm<sup>2</sup> endahulsur á þá þó þeir séu tæplega það.

Þeir eru fjólublár, hvítur og blár og hæfileg lengd á þeim er 15 cm.

Snúið þá svo saman og setjið í JST tengi.

Gætið að því að þeir fari á rétta staði í tenginu.

